

Skólaráðsfundur

27. febrúar 2025 kl. 8:15

Mættir: Hilmar Egill Sveinbjörnsson skólastjóri, Kristín Hulda Halldórsdóttir og Hannes Birgir Hjálmarsson fulltrúar kennara, Manassa Qarni og Kristín Eva Harðardóttir fulltrúar foreldra, Særún Jónsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags og Sýlvía Sigurbjörg Gunnarsdóttir fulltrúi nemenda.

1. Skóladagatal 2025-2026

Skólastjóri fór yfir drög að skóladagatali næsta skólaárs. Eftir að skóladagatal hefur verið samþykkt af hálfu Fræðslunefndar verður það sett á heimasíðu skólans.

2. Niðurstöður úr lestrarprófum

Skólastjóri fór yfir niðurstöður lestrarprófa sem lögð voru fyrir alla bekki í janúar. Ljóst er sem fyrir að stöðugt þarf að vinna að áherslum í lestrarmálum með heimilum. Í framhaldi var rætt um að reyna gefa bókinni meiri gaum, lesa upp úr bók í nestistímum o.s.frv. Það er hvatning fyrir börn að sjá aðra lesa bækur.

3. Undirbúningur að skipulagi næsta skólaárs

Stuttlega farið yfir áskoranir næsta skólaárs, fjölgun nemenda og húsnæðismál.

4. Önnur mál

a) Óvissa framundan – ljóst er miðað við áætlaða fjölgun nemenda, stöðu í húsnæðismálum við skólann, vöntun á fagmenntuðum kennurum að ákveðin óvissa er framundan sem allir eru meðvitaðir um.

Fundi slitið kl. 9:30
Fundarritari: Hilmar Egill